

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1995.

1. gr.

Á árinu 1995 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 9.234 kr. með fyrsta barni en 28.645 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.051 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 69.339 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 73.722 kr., en þó 30.051 kr. hærri sé það yngra en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslíð 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1995 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember 1994 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1995.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.